

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

APRÍL 2013



4. tbl. 16. árg.

icelandic
FISH & CHIPS

Organic bistro
Tryggvagötu 8 / 101 Reykjavík
Sími/Tei +354 5 11 11 18

Wilson's
PIZZA

S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Þessar stúlkur voru meðal fjölmargra nemenda sem komu fram á þematónleikum.

Domino's
Pizza

PANTAÐU
Á NETINU

www.dominos.is sími 58-12345

552-2440

BBS
TAXI

Borgarbilastöðin ehf.

15% afsláttur
fyrir eldri borgara og
örkyrja miðað við staðgreiðslu

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

Skemmtilegir þematónleikar Tónskólans Do Re Mi í Neskirkju

Hinir árlegu þematónleikar Tónskólans Do Re Mi voru haldnir í Neskirkju laugardaginn 13. apríl sl.

Þemað að þessu sinni var íslensk þjóðlög í ýmsum samleiksútsetningum. m.a. fyrir hörpu, píanó, gítar, fiölu, þverflautu, rafgítar og marimbu. Tónleikarnir voru um 45 mín að lengd, og skemmtilegir hverja einustu mínútu og var aðgangur ókeypis. Skólastjóri Tónskólans Do Re Mi er Vilberg Viggósson.

Frumherji

Bifreiðaskoðun
Hólmaslóð 2
Sími 570 9000
www.frumherji.is

Þóti Þóttur
PIZZA RESTAURANT

Hringbraut 119
Sími: 55 44444

Fljótt og Gott

HEIMILISMATUR ALLA DAGA
FRÁ KL. 10.00 TIL 21.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is

- bls. 4
Edda Lárusdóttir
sigurvegari í Nótunni

- bls. 6
Gott mál
í Hagaskóla

- bls. 15
Íþróttir



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Melabúðin
þín verslun

FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ

TILBOÐ
Lambakjöt

Gildir fimmtudag-sunnudags
25.-28. apríl, á meðan birgðir endast

Læri úr kjötborði 1.498 kg
Innanlærisvöðvi 2.998 kg
Lambagúllas 2.198 kg
Gleðilegt sumar!

Jarðarber
199 askjan

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

4. tbl. 16. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Foreldrafélag Melaskóla gaf spjaldtölvur

Foreldrafélag Melaskóla afhenti skólanum alls níu spjaldtölvur til eignar 19. apríl sl. en gjöfin er afrakstur söfnunar sem staðið hefur yfir í vetur meðal allra foreldra í Melaskóla. Spjaldtölvurnar eru af tegundinni iPad2 með 16GB minni og eru allar sérmerktar skólanum sem gjöf frá foreldrum. Tölvurnar verða notaðar bæði í kennslu barna með sérþarfir sem og í almennri tölvukennslu en sett verður upp þráðlaust net í Melaskóla svo að hægt verði að nýta tölvurnar sem best. Þá er stefnt að því að halda sérstakt námskeið fyrir lok þessa skólaárs bæði fyrir kennara og foreldra um hvernig nota má spjaldtölvurnar með ótal skemmtilegum sérkennsluforritum. Þessi forrit þjálfa meðal annars fínhyrtingar, auka málþroska barna, hjálpa þeim að þekkja bók- og tölustafi, greina mynstur og læra stærðfræði svo eitthvað sé nefnt.

Foreldrar hæst- ánægðir með frístundaheimilin

Ný könnun meðal foreldra barna á frístundaheimilum borgarinnar sýnir að mikill meirihluti þeirra er ánægður með þá þjónustu sem þau veita. 9 af hverjum 10 foreldrum eru ánægðir með frístundaheimilið og telja að barninu þeirra líði þar vel. Ánægja með þjónustu og viðfangsefni frístundaheimilanna hefur aukist milli ára. Í ljós kom 94% foreldra telja barninu almennt líða vel á frístundaheimilinu (88% árið 2011) og 89% töldu dvölina þar hafa jákvæð félagsleg áhrif á barnið (83% árið 2011). Rösklega 82% foreldra töldu viðfangsefni barnsins á frístundaheimilinu áhugaverð (79% árið 2011) og 87% töldu vel ganga að samræma dvöl á frístundaheimili við annað skipulagt frístundastarf. Þá mældist mikil ánægja með samskipti við starfsfólk frístundaheimilanna eða 90% samanborið við 82% árið 2011.

Hverfisráð Vesturbæj- ar himinlifandi yfir Konungi ljónanna

Hverfisráð Vesturbæjar lýsir yfir mikilli ánægju með það frábæra starf sem unnið hefur verið í Hagaskóla með sýningunni Konungur ljónanna. Allir Vesturbæingar geta verið stoltir af því að eiga svo hæfileikaríka og framúrskarandi nemendur í sínu hverfi. Öllum aðstandendum sýningarinnar eru færðar þakkir.

Málefni Strætó í miðborginni

Á fundi Hverfisráðs Miðborgar var tekið fyrir erindi frá umhverfis- og skipulagssviði vegna leiðakerfisbreytinga hjá Strætó 2014. Samþykkt var að óska eftir því að fulltrúi frá Strætó bs. komi á næsta fund Hverfisráðs, sem verði opin íbúafundur í byrjun maí um málefni Strætó í hverfinu og tengingar leiðakerfisins við önnur hverfi. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa þann fund.

Skilti í veitingahúsum í miðborginni

Formaður Íbúasamtaka Miðborgar kynnti á fundi Hverfisráðs Miðborgar hugmynd að skilti sem sett yrði upp í veitingahúsum í Miðborginni til þess að minna á að hverfið er íbúahverfi með sofandi börnum á næturnar. Hverfisráð tekur vel í hugmyndina og óskar eftir nánari útfærslu og kostnaðaráætlun. Þá kynnti formaðurinn bréf íbúasamtakanna til Umhverfis- og skipulagssviðs dagsett 13. janúar 2013, þar sem óskað er eftir upplýsingum um reglur er tengjast akstri hópferðabifreiða um Miðborgina og bréf til borgarráðs dagsett 13. mars 2013 þar sem spurt er um hvort samningur Reykjavíkurborgar við Miðborgina okkar hafi verið endurnýjaður og um forsendur fyrir því að 5% bílastæðasjóðsgjalda í hverfinu renni til Miðborgarinnar okkar. Formaðurinn benti einnig á frétt frá aðalfundi Samtaka kaupmanna við Laugaveg þar sem borgaryfirvöld eru gagnrýnd fyrir að sýna kaupmönnum við Laugaveg fjandskap með framkvæmdum á svæðinu og lokun Laugavegs á sumrum. Hann lýsti Íbúasamtök Miðborgar algerlega ósammála þessu viðhorfi. Þess í stað væru þau afar ánægð með framkvæmdirnar og lokun götunnar tímabundið á sumrum, enda hefðu Íbúasamtökin lagt til að fótgangandi verði veittur forgangur á hluta Laugarvegjar.

Boltagerði við Melaskóla

Á fundi skipulagssviðs 10. apríl sl. var lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, frumathugana mannvirkjagerðar dags. 1. mars 2012 varðandi breytingu á deiliskipuagi Mela og Grímsstaðaholts vegna lóðarinnar nr. 1 við Hagamel, Melaskóla. Í breytingunni felst að staðsetja boltagerði á lóðinni við Melaskóla, samkvæmt uppdrætti dags. 3. apríl 2013. Samþykkt var að auglýsa framlagða tillögu. Marta Guðjónsdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins og bókaði „Marta Guðjónsdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fagnar því að nú hylli loksins í að battavelli verði komið upp við Melaskóla en hefði kosið að reynt hefði verið til þrautar að finna heppilegri staðsetningu fyrir völinn þar sem hann hefur ekki áhrif á ásýnd skólans sem er einstaklega falleg bygging og merkileg út frá arkitektónískum sjónarmiðum.



Sótt um leyfi til að byggja við kjallara Hávallagötu 9

Á fundi skipulagssviðs var tekin fyrir umsókn Herdísar Þorgeirsdóttur til að byggja við kjallaran að Hávallagötu 9 og koma fyrir svölum á þaki viðbyggingarinnar og rífa niður núverandi bílskúr og byggja nýjan bílskúr með þaksvölum við húsið. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. mars 2013 fylgdi erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa. Afgreiðslu frestað og vísað til leiðbeininga í umsögn skipulagsfulltrúa.

Stækkun veitingastað- ar við Geirsgötu

Til byggingaulltrúa borgarinnar hefur borist erindi frá Kopar Restaurant ehf., Geirsgötu 3 þar sem sótt er um leyfi til að stækka veitingastaðinn með því að taka í notkun 2. hæð, innrétta 1. hæð upp á nýtt, fjölga gestum í 90 gesti, breyta stiga og koma fyrir glugga á norðurhlíð hússins nr. 3B á lóð nr. 3A-3B og einnig er sótt um að færa starfsmanna-aðstöðu, lager, kæli og frysti á lóð nr. 5B. við Geirsgötu. Samþykki eigenda fylgir á teikningum. Afgreiðslu var frestað.

Breytt gluggasetning að Skildingatanga 1

Gunnar I Hafsteinsson, Skildinganes 58, hefur sótt um leyfi til byggingaulltrúa borgarinnar að stækka til suðurs, breyta gluggasetningu og innra skipulagi í nýsamþykktu einbýlishúsi að Skildingatanga 1. Umsóknin samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010 og er því samþykkt. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða en áskilin er lokaúttekt byggingaulltrúa.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

borgarblod@simnet.is

www.borgarblod.is

Vesturbæingar



Verð ég þá skuldlaus eftir kosningarnar?

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður



Guðlaugur Þór Þórðarson

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Teitur Björn Einarsson

Vilhjálmur Bjarnason, Garðabæ

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Pétur Blöndal

Pórey Vilhjámsdóttir

Ingvar Garðarsson

Sigríður Á. Andersen

Áslaug María Friðriksdóttir

Það er bara einn flokkur sem mun koma atvinnulífinu í gang

Góð og vel launuð störf eru grundvöllur velferðar fólksins í landinu. Þess vegna þarf öflugt atvinnulíf sem býr við stöðugleika og hvetjandi skilyrði.

- › Afnumum gjaldeyrishöft
- › Lækkum skatta og gjöld
- › Eflum einkaframtak og nýsköpun
- › Minnkum ríkisafskipti og miðstýringu

Öflugt atvinnulíf - Næg atvinna - Traust heilbrigðiskerfi

Vesturbæingurinn Edda Lárusdóttir vann farandgrip Nótunnar fyrir einleik á þverflautu

- tekur burtfararpróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík á komandi hausti og heldur útskriftartónleika

Edda Lárusdóttir, nemandi í Tónlistarskólanum í Reykjavík hlaut farandgrip Nótunnar fyrir einleik á þverflautu á lokahátíð Nótunnar sem fram fór í Hörpu. Edda lék „The Great Train Race“ eftir Ian Clarke sem sjálfur var flautuleikari. Alls voru flutt 24 atriði frá 30 tónlistarskólum á tvennum tónleikum og frá Tónlistarskólanum í Reykjavík kom auk Eddu Rannveig Marta Sarc sem lék á fiölu laigð „Polonaise de Concert“ eftir Wieniawski. Meðleikari Rannveigar Mörtu á píanó var Hrönn Þráinsdóttir. Síðan voru níu atriði verðlaunuð sérstaklega fyrir framúrskarandi tónlistarflutning. Nótan er uppskeruhátíð tónlistarskólanna á Íslandi og byggir á því að þátttakendur séu frá öllu landinu, á öllum aldri og efnisskráin endurspeglar ólík viðfagnsefni á öllum stigum tónlistarnáms.

Edda er Vesturbæingur, býr á Tómasarhaganum, er á níttjándra ári og er á 3. ári í MR. Útskrifast sem stúdent vorið 2014 ef námið gengur samkvæmt áætlun, sem ekki er ástæða til að efast um. Hún fór hefðbundna leið Vesturbæings í skólagaöngu, hóf nám í Melaskóla, fór í Hagaskóla og er nú í MR.

„Ég byrjaði að læra á flautu þegar ég var 7 ára og valið var auðvelt, flautan heillaði mig, fallett hljóðfæri með skæran hljómi og svo er þetta svolítið „stelpuhljóðfæri.“ Mikið

stærra hljóðfæri kom eiginlega ekki til greina. Ég byrjaði í Tónlistarskóla Vesturbæjar og Miðborgar en um fermingaráldurinn fór ég í Tónlistarskólann í Reykjavík. Ég stefni að því að taka lokapróf þar í haust og verð þá með tónleika, útskriftartónleika,” segir Edda Lárusdóttir.

- Hvað tekur svo við, ætlarðu að halda áfram í tónlistarnámi?

„Það er ekki alveg ákveðið, ég ætla bara að sjá til hvernig mér líður eftir tónleikana í haust og svo á ég enn eftir eitt ár í Menntaskólanum í Reykjavík. Líklega best að ljúka því námi og sjá svo til. Það væri gaman að fara eitthvað í burtu eftir stúdentspróf, skoða eitthvað af heiminum og jafnvel fara í eitthvað nám erlendis. En ég hef alls ekki ákveðið hvaða nám mig langar helst í, kannski stjórnmálafræði eða heimspeki, svo þetta er allt bara á umhugsunarstigi. Auðvitað væri gaman að fara í eitthvað frekara tónlistarnám og svo hef ég gaman af ljósmyndun og langar í nám í því. Ég er að reyna að taka listrænar myndir en ég hef líka verið að taka frétta myndir fyrir skólablað MR sem heitir Skinfaxi.“

Spilar í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

- Hefurðu verið að spila með einhverri klassískri hljómsveit auk námsins og spila í Nótunni?



Edda Lárusdóttir flautuleikari og menntaskólanemi.

„Ég hef verið að spila með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem er mjög skemmtileg. Í þeirri hljómsveit eru jafn margir hljóðfæraleikarar og í venjulegri sinfóníuhljómsveit og svipuð skipan milli hljóðfæra. Þannig lærum við mest og best að spila í stærri sveit, en draumur flesta er sjálfsgagt að spila í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það er mikil ásókn að komast í Ungsveitina svo það komast alls ekki allir að. Ungsveitin er með tónleika næsta haust í Hörpu til þess að leyfa okkur að vera í sama starfsumhverfi og

Sinfóníuhljómsveit Íslands.

- Gerðurðu þér vonir um að vinna, eða varstu kannski ekkert að hugsa um það?

„Þessi keppni er þannig að það eru svo rosalega ólík atriði þannig að ég gat ekki gert mér grein fyrir því. Ég mætti bara með því hugarfari að gera eins vel og ég gæti, annað kom ekki til greina. En auðvitað vill maður vinna, til þess er maður m.a. að taka þátt í þessari keppni, og svo er æðislegt að fá að spila í Hörpu. En ég verð að játa að það kom mér svolítið á óvart þegar

ég heyrði úrslitin tilkynnt og mitt nafn nefnt. Tónlistarskólinn fær farandbikar en ég fékk grip sem ég er með heima.“

- Var einhver ástæða fyrir því að þú valdir að leika í Nótunni lagið „The Great Train Race“?

„Ég hreyfist af þessu lagi strax, það reynir á hæfileikana og tónskáldið býr til fingrasetningu sem ekki er venjuleg.“

Fer stundum á klassíska tónleika

- Það er væntanlega nóg að vera í menntaskóla og í tónlistarnámi. Komast einhver önnur áhugamál að?

„Ég stunda ekki keppnisíþróttir ef þú ert að spyrja að því. Ég fer hins vegar stundum á klassíska tónleika, mér finnst það algjörlega nauðsynlegt, og einnig gaman, þegar komið er svona langt í tónlistarnáminu. Ég hlusta mikið á aðra flautuleikara en einnig á önnur hljóðfæri. Fyrir utan flautu finnst mér skemmtilegast að hlusta á píanó og celló. Hljómurinn í þeim heillar mig.“

Í sumar ætla ég að vinna á veitingastaðnum Fish sem er á Skólavörðustíg og í Ingólfsstræti. Ég hef ekki gert það áður, en síðustu sumur hef ég verið í fiskvinnslu hjá HB Granda. Það var skemmtileg reynsla,” segir flautuleikarinn Edda Lárusdóttir.

Gleðilegt sumar með Garðatunnnunni!

Helstu kostir Garðatunnnunnar:

- Ódýr leið til að losna við garðaúrganginn.
- Losað á tveggja vikna fresti yfir sumartímann.
- Garðatunnnan er á hjólum og getur því fylgt þér um allan garðinn.
- Það er ótrúlega þægilegt að hafa svona tunnu alltaf við hendina.
- Þú losnar við að aka með garðaúrganginn á næstu endurvinnslustöð.
- Garðaúrgangurinn fer til moltugerðar hjá Gámapjónustunni hf.

Vantar þig kraftmikinn jarðvegsbæti?

Þá er tilvalið að koma í Berghellu 1 í Hafnarfirði með fötu, poka eða litla kerru og sækja sér moltnu eða viðarkurl í garðinn án endurgjalds. Moltna og kurlað má fá sent heim í stórsekkjum gegn vægu gjaldi. Sjá „gamar.is/moltaogkurl“

GÁMAPJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Seljum og sendum moltnu og kurl til fagaðila og annarra stórnotenda eftir sérstöku samkomulagi.

Allar upplýsingar í síma 535 2510 og á „gardatunnnan.is“


Gardatunnnan.is

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmjón.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.



Arnór L. Pálsson framkvæmdastjóri Ísleifur Jónsson útfararstjóri Frímann Andrésson útfararþjónusta Jón Bjarnason útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir útfararþjónusta Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta Þorsteinn Elíasson útfararþjónusta Ellert Ingason útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM



Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

„Gott mál“ í Hagaskóla 2013

Létu hárið fjúka á sviði Hagaskóla til styrktar góðu málefni

Undafarnar vikur hefur mikið staðið til í Hagaskóla vegna þess að Gott mál var haldið þar miðvikudaginn 17. apríl sl. Gott mál er góðgerðardagur þar sem nemendur og starfsmenn leggja sitt af mörkum til góðgerðarmála og er þessi dagur orðinn árlegur viðburður í Hagaskóla. Nemendur hafa styrkt nokkur málefni. Í fyrra söfnuðust u.þ.b. 1,8 milljónir króna og var þá styrkt SPES sem reka heimili fyrir munaðarlaus börn í Tógó Afríku og SPK styrktarfélag krabbameinssjúkra barna sem styður við krabbameinssjúk börn og fjölskyldur þeirra.

Góðgerðarfélagin sem eru styrkt eru valin með því að hver bekkur kemur með hugmyndir um félög og svo velur ákveðin framkvæmdarnefnd unglinga tvö samtök sem þau vilja styrkja. Í ár urðu Amnesty International sem stuðla að baráttu fyrir mannréttindum víðsvegar um heiminn og hópurinn Ungir aðstendendur hjá Ljósinu sem að er stuðninghópur fyrir börn og unglinga sem eiga foreldra sem hafa greinst með krabbamein fyrir valinu. Undirbúningur og framkvæmd dagsins er í höndum nemenda. Hver bekkur ákveður og skipuleggur einhverja fjáröflun í stofunni sinni, það getur verið hvað sem er s.s draugahús, happdrætti, kaffihús o.fl. Hver bekkur velur sér fulltrúa til að vera með skemmtatriði á kaffihúsunum í skólanum. Allir nemendur taka virkan þátt og leggja sitt af mörkum til dagsins.

Verkefnið reynir á samvinnu innan bekkja og skapar skemmtilega stemmingu. Gott mál er því ekki bara skemmtileg viðbót við venjulegt skólalífi heldur einnig tækifæri til að læra, láta gott af sér leiða og gefa tilbaka til samfélagsins.

Hápunktur dagsins var í lok hans þegar þær Elísabet Hulð Þorbergsdóttir og Elín María Árnadóttir í 10. bekk EKH létu raka af sér allt síða hárið á sviði Hagaskóla og í beinni útsendingu RUV. Þær Elísabet og Elín höfðu áður safnað áheimum. Þetta flotta framtak þeirra vakti verðskuldaða athygli og aðdáun skólasystkina þeirra.



Þær Elísabet Hulð Þorbergsdóttir og Elín María Árnadóttir meðan enn voru þær með sitt hár.



Boðið var upp á andlitsmálun.



Að lokinni klippingu.

Melaskóli:

Þróunarsamstarf vegna útináms á skólalóðinni

Undirritað var samkomulag sl. þriðjudag, 23. apríl, milli Melaskóla, LÍS og SFS um þróunarsamstarf vegna útináms á skólalóð Melaskóla. Tilgangur samstarfsins er að safna hugmyndum og reynslu um hvernig má hámarka nýtingu lítilla skólalóða á árangursríkan hátt með góðu skipulagi, vali á gróðri og uppbyggingu á aðstöðu til að geta miðlað mikilvægri reynslu til þeirra skóla sem búa við svipaðar aðstæður og Melaskóli. Athöfnin fór fram á Græna svæðinu við Melaskóla, en 23. apríl er umhverfisdagur Reykjavíkurborgar.

Mætt var við inngang að Græna svæðinu, klippt á borða og gengið inn á svæðið og nemendur Melaskóla sungu Litlu fluguna eftir Sigfús Halldórsson en höfundur texta er Sigurður Elíasson. Friðrik Ragnar Friðriksson kennari og



Frá athöfninni við Melaskóla.

fulltrúar nemendaráðs kynntu nöfn á svæðum og reglur og síðan var skrifað undir samkomulagið. Að því loknu gróðursettu fulltrúar

samkomulagsins afkvæmi Oslóartrésins í Melaskógar-reitnum og nemendur sungu Vertu til.



Aukum kaupmáttinn

Kjóssum lægra vöruverð

Lesið meira >



Betri hverfi 2013:

Flestir Vesturbæingar vildu sumarblóm í kerjum

Í rafrænum kosningum Betr hverfi 2013 sem er nýlokið tókui þátt 1033 en innsendir atkvæðaseðlar í hverfi voru 872. Heildarkostnaður við þau 16 verkefni sem flest atkvæði fengu er áætlaður 36,8 milljónir króna. Það verkefni sem fékk flest atkvæði í Vesturbænum var að setja upp sumarblóm í kerjum á völdum stöðum, en það völdu 469 þátttakendur en kostnaður við það verkefni er áætlaður 800 þúsund krónur.

446 völdu fegrun umhverfis grásleppuskúranna á Ægissíðu en kostnaður við það er áætlaður 2 milljónir króna. 373 völdu endurbæta gróður á ýmsum stöðum í Vesturbænum en kostnaður við það er áætlaður 4 milljónir króna. 346 völdu að setja upp jólaljósaskreytingar í Vesturbænum en kostnaður við það er 3 milljónir króna; að lagfæra núverandi körfuboltavelli í Vesturbænum hlaut 327 atkvæði og kostnaður við það verkefni er 2 milljónir króna; að útbúa aðstöðu við stíga á Landakotstúni með bekkjum og gróðri hlaut 319 atkvæði en kostnaður við það nemur 3 milljónum króna; að setja upp skilti við Ægissíðu um góða umgengni hundaeigenda hlaut 317 atkvæði en kostnaður við það nemur 500 þúsund krónum, að setja setja upp bekk á gatnamótum Hagamels og Furumels fékk 291 atkvæði en kostnaður við það nemur 500 þúsund krónum; að setja setja bekk og laga gróður á reit milli Víðimels og Kaplaskjólsvegar fékk 276 atkvæði en kostnaður við það er áætlaður ein milljón króna; að laga göngustíg milli Ás- og Sólvallagötu, sunnan Bræðraborgarstígs fékk 272 atkvæði en kostnaður við það nemur einni milljón króna.

Önnur valin verkefni í Vesturbænum eru að setja upp hreystivöll eða þrautabraut á skólalóð Hagaskóla, endurbæta „Bláa róló“ á horni Bræðraborgarstígs og Túngötu, koma fyrir misþungum lyftingasteinum við göngustíga á Ægissíðu, gróðursetja, snyrta og setja borðbekk á leiksvæði við



Ekki furða að margir völdu að fegra umhverfi grásleppuskúranna við Ægissíðu eins og ástatt er með umhverfið þar, enda fékk það verkefni næstflest atkvæði.

Lynghaga, bæta lýsingu á leiksvæði og göngustíg við enda Fjörugranda og bæta lýsingu á leiksvæði við Bauganes. Nú er það verkefni Vesturbæinga að fylgjast með hvernig bæjarstarfsmönnum gengur að uppfylla þessar 16 óskir Vesturbæinga sem flest atkvæði fengu.

SALON REYKJAVÍK

KYNNIR HÁRLIT **ÁN** AMMONÍAKS, PARABENS, FORMALDEHYDE, RECORCINOL EÐA PLASTS

organic
color systems

- PEKUR GRÁTT HÁR 100%
- FALLEGUR LITUR
- SKEMMIR EKKI HÁRIÐ
- FRÁBÆR GLANS
- ENDINGAGÓÐUR
- LÍFRÆNT VOTTUÐ INNIHALDSEFNI* (SOIL ASSOCIATION)
- STENST KRÖFUR UM VEGAN (PETA VOTTAD)
- EKKI PRÓFAD Á DÝRUM (PETA VOTTAD)

*(SUM EFNI)

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Á réttri leið!

Ljúkum aðildarviðræðum við ESB

Sanngjörn leiðrétting skulda

Jafnræði leigjenda og kaupenda

Heilbrigði og velferð í forgangi



Samfylkingin

Gleðilegt sumar.
Þökkum viðskiptin
í vetur.



Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Neshlaupið 11. maí

Neshlaup Trimmklúbbs Seltjarnarness verður haldið laugardaginn 11. maí klukkan 11.

Hlaupið hefst við Sundlaug Seltjarnarness

Allir hvattir til að mæta og taka þátt í skemmtilegum viðburði. Nánari upplýsingar á hlaup.is.

Vegalengdir: 325 km skemmtiskokk án tímatöku
7,5 km með tímatöku
15 km með tímatöku

Flokkaskipting e. aldri og kyni
16 ára og yngri
17-34 ára
35-49 ára
50 ára og eldri



Trimmkлуббур Seltjarnarness

7.5km 1 hringur
15 km 2 hringur



Tíu12 í Frostaskjóli:

Bærinn skoðaður frá mismunandi sjónarhornum

Tíu12 ára starfið í Frosta þjónar krökkum í 5., 6. og 7. bekk í Granda-, Mela-, Landakots- og Vesturbæjarskóla. Alla fimmtudaga og föstudaga er opið í Frostaskjóli í Tíu12 og er dagskráin auglýst á heimasíðu Frostaskjólis, www.frostaskjol.is. Ýmist er boðið upp á einstaka viðburði eða námskeið.

Í apríl var boðið upp á smiðju sem kölluð er Borgarsmiðja sem stóð yfir þrjú föstudaga. Í Borgarsmiðjunni er farið með hóp í göngu um miðbæinn og teknar ljósmyndir. Lagt var upp með að bærinn væri skoðaður frá mismunandi sjónarhornum og var tekið fyrir ákveðið þema, gleði, einmanaleika og menningu. Hópurinn vann síðan með efnið og undirbjó sýningu sem verður opin almenningi á Barnamenningarhátíð í Reykjavík 23. – 28. apríl nk. í Vesturbæjarlaug.

Í maí á að bjóða 4. bekkungum sem sækja Frostheima að koma í heimsókn í Frostaskjól og kyn-



Hressir krakkar úr Frostaskjóli, staddir í Bankastræti.

ast starfinu í Tíu12. Fyrir 10-12 ára krakka verður meðal annars pizzadagur, hjólaferð og grillað í Nauthólsvík og starf vetrarins endar á lokahátíð og dansleik í Hagaskóla fimmtudaginn 30. maí

nk. Spurningar eða ábendingar um starfið má senda á tölvupóstfangið frosti1012@reykjavik.is, eða hafa samband við Andra Má, Katrínu eða Lilju Ósk.

Sköpunarkraftur og áhrifarík samskipti

Virk hlustun, öryggi og skýrleiki eru lykilatriðin í árangursríkum samskiptum. Um helgina byður JCI upp á námskeið með Hilary Lyons, reyndum markþjálfara og leiðbeinanda frá Bretlandi.

Þar sem þessi og fleiri mikilvæg atriði í samskiptatækni verða þjálfuð. Einnig mun Hilary vera með vinnustofu þar sem unnið verður með sköpunarkraft þátttakenda og hvernig nýta má ímyndunarafl til að ná betri árangri á hinum ýmsu sviðum.

Námskeiðin verða **27. og 28. apríl frá 10-17:00** og fara fram á ensku.

Nánari upplýsingar veitir Tanja í síma 7750531 / tanja@jci.is eða Davíð í síma 8247687 / david@jci.is



BÍLARÉTTINGAR OG SPRAUTUN CABAS TJÓNAMATSKERFI.

Bílanes er viðurkennt af öllum tryggingafélögum Veitum vandaða þjónustu og notum hágæða efni Réttingaverkstæði, bílasprautun og húsgagnalökkun Kíktu við hjá okkur og fáðu tilboð í verkið

Bílanes, Bygggördum 8. Seltjarnarnesi
S:561 1190. www.bilanes.is
bilanes@internet.is



SKIPTU UM SKOÐUN
Það er ódýrara.

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	10.320
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Íbúar Bráðræðisholts og nágrennis funduðu um uppbyggingu Lýsisreitsins

Hátt í 50 íbúar Lýsisreitsins og nágrennis funduðu nýlega um viðhorf íbúa til uppbyggingar á Lýsisreitnum á ReykavíkurAkademíunni. Farið var í gegnum upplýsingar sem koma fram á vef Reykjavíkurborgar um fyrirhugaðar byggingar á Lýsisreitnum og svo komu fundargestir á framfæri skoðunum sínum. Voru nánast allir sammála um að það væri fagnaðarefni að uppbygging á Lýsisreitnum væri loksins orðin að veruleika en nauðsynlegt væri að íbúar í nágrenninu fengju að koma sínum athugasemdum á framfæri áður en uppbygging hæfist.

Fundargestir lýstu áhyggjum sínum af sterkum vindi vegna stærðar blokkanna sem fyrirhugað er að byggja og vildu sjá lægri byggð. Íbúar sögðu frá slysum á fólki og skemmdum á húsnæði vegna mikils vindstrengs sem hefur skapast vegna hæðar Grandavegs 47. Nefnt var að hægt væri að setja fyrirhugaðar byggingar í vindlíkan þannig að hægt væri að komast að því hver áhrif vinds væru á byggð í nágrenninu. Ef í ljós kemur að sterkir vindstrengir myndast þyrfti að fækka hæðum fjölbýlishússins. Burtséð frá slæmum vindstrengjum vegna stærðar blokkanna voru fundargestir á einu máli um það að þeim þætti löng nú hæða blokk allt of stór á þessum stað. Sumir rifjuðu

upp ýmis ummæli borgarfulltrúa og embættismanna undanfarin ár þar sem tekið var undir það sjónarmið.

Fundargestir hafa miklar áhyggjur af umferðinni sem fylgir 144 íbúða fjölbýlishúsi. Tillögur um að loka Grandaveginum fyrir umferð í gegnum hverfið, þ.e. með því að búa til botnlanga í báðar áttir, t.d. þar sem timb-

urhúsin byrja var samþykkt einróma. Lokun Grandavegar gæti komið í veg fyrir að uppbygging á Lýsisreitnum hefði neikvæð áhrif á umferð í hverfinu.

Ýmsar athugasemdir komu fram á fundinum en ákveðið var að einblína á þá hluti sem hægt væri að hafa áhrif á og hægt væri að breyta. Því var ákveðið að niðurstaða fundarins væri á



Frá fundinum.

þrjá vegu; að kannað væri hvort hægt væri að loka Grandavegi fyrir gegnumumferð; að óska eftir viðbrögðum við því hver áhrif byggingana hefðu á vindstrengi

í hverfinu, og koma á framfæri óánægju með að fyrirhuguð blokk við Eiðsgranda skuli vera nú hæða þegar lægri bygging væri mun ásættanlegri.

Sumarhátið Vesturbæjar

25. apríl 2013

Kl. 10:00 - 11:00

HÓLAVALLAGARÐUR - Gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu

Heimir Bj. Janusarson garðyrkjumaður og Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur leiða rölt um kirkjugarðinn og segja frá hinu og þessu fróðlegu.

Kl. 11:00 - 14:00

Lúðrasveit Reykjavíkur mun blása hátíðina af stað klukkan 11:00 í Melaskóla og þaðan mun skruðgangan leggja leið sína í Frostaskjól.

DAGSKRÁ Í FROSTASKJÓLI

Skrúðganga Leikhópurinn Lotta Prautabraut

Lalli töframaður

Sápukúlubandý

Hoppu kastali

VEITINGASALA og margt fleira

DJ Andlitsmálning Tónlistaratriði

Vesturbæjarlaug

LJÓSMYNDASÝNING Í TENGLUM VIÐ BARNAMENNINGARHÁTÍÐ



Fjöldmargt á seiði á hjóladegi í Vesturbænum 11. maí nk.



Stöðugt fleiri sjást á reiðhjólum þegar vorar. En leggja þarf áherslu á það við yngsta hjólræiðafólkið að gæta sín í umferðinni. Það gildir hins vegar fyrir alla að nota reiðhjólshjólma, ekki bara stundum, heldur alltaf þegar sest er á reiðhjól.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar og Hagaskóli standa fyrir hjóladegi 11. maí nk. við Hagaskóla.

Dagurinn hefur á prautabraut fyrir yngri krakkanna kl. 10.00, og síðan rekur hver atburðinn annan, s.s. skiptihjólamerkaður, viðgerðartorg, skruðhjólátúr í hann er lagt frá Hagaskóla kl. 11.00 og hjólað eftir Ægisíðu, upp Dunhaga að Hagaskóla og er hægt að vera á hjóli á öllum gerðum og stærðum. Nemendur Hagaskóla standa fyrir merkaði og veitingum þennan morgun.

ICELAND Fiskislóð:

Nammiland og rýmri opnunartími



Nammiland í Iceland.

Iceland verslunin við Fiskislóð 3 hefur fengið frábærar viðtökur. Iceland er glæsilegur stórmarkaður með alla almenna heimilissvöru í úrvali á mjög góðu verði.

Nú hefur Iceland við Fiskislóð enn aukið vöruval sitt með því að opna Nammiland með framúrskarandi tilboðum og mjög spennandi og öðruvísi vörum fyrir þá sem langar

í eitthvað svolítið sætt stöku sinnum. Þar verður veittur fimmtíu prósentu afsláttur alla laugardaga og sunnudaga en sælgætisvörurnar eru yfir tvö hundruð talsins þannig að allir geta fundið eitthvað gómsætt við sitt hæfi. Iceland við Fiskislóð hefur nú rýmkað afgreiðslutíma sinn enn frekar og er verslunin nú opin frá kl. 9 til 20 alla daga vikunnar.

Heilbrigðiskerfið þarf öflugt atvinnulíf

Eitt mikilvægasta verkefni næstu ríkisstjórnar er að endurreisa heilbrigðiskerfið okkar. Undanfarin ár hefur jafnt og þétt verið dregið úr þessari mikilvægu þjónustu og nú er svo komið að þeir sem best til þekkja segja okkur að hættuástand sé að skapast. Á þetta verður að hlusta og taka mark á. Þess vegna er það eitt aðalverkefni næstu ríkisstjórnar að byggja heilbrigðiskerfið upp á ný, undan því verður ekki vikist. Það er alveg sama hversu mjög við óskum okkur þess að hafa næga peninga til að verja í heilbrigðismálin. Óskir einar og sér skila litlu. Forsenda þess að eitthvað sé hægt að gera er að verðmætasköpun landsmanna aukist jafnt og þétt, með öðrum orðum, hagvöxtur verður að vera nægur. Á síðasta ári óx hagkerfið okkar um 1,6 prósent, en talið var að það myndi vaxa um a.m.k. 3 prósent. Það er skelfilegt að hagvöxturinn hafi verið svona lítill, við áttum alla möguleika á því að hann yrði miklu meiri. Svona lítill hagvöxtur gerir okkur mun erfiðara fyrir með að auka framlög ríkisins til heilbrigðismála þannig að um muni. Ef svona heldur áfram þá mun jafnt og þétt

grafast undan heilbrigðiskerfinu, við hættum að hafa efni á lyfjum sem nágrannabjóðir okkar nota, við endurnýjum ekki tæki eða húsnæði og færasta starfsfólkið fer í burtu.

Lægri álögur skila meiri tekjum

Vegna þessa er svo mikilvægt að við komum atvinnulífinu aftur af stað, þannig aukum við bæði tekjur heimilanna og tekjur ríkisins. Sjálfstæðisflokkurinn leggur höfuðáherslu á það að öll þau miklu tækifæri sem þjóðin á verði nýtt og þannig lagður grunnur að nýju framfaraskiði. Skattalækkarir sem nýtast launafólki og fyrirtækjum eru forsenda þess að koma hreyfingu á efnahagslíf þjóðarinnar. Við munum ekki bjarga heilbrigðiskerfinu okkar með því að hækka skatta eða standa í stað. Eina leiðin er að auka tekjurnar ár frá ári og það gerist ekki nema með því að atvinnulífið byrji aftur að fjárfesta og hjólin margfrægu byrji aftur að snúast. Sjálfstæðisflokkurinn hefur alla tíð lagt á það áherslu að öflugt velferðarkerfi byggir á öflugum atvinnulífi. Kosningarnar snúast meðal annars um þetta, þær snúast um hvort okkur takist að snúa vörn í sókn.



Illugi Gunnarsson.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

Illugi Gunnarsson skipar 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborgardæmi – norður

Rúnstykki á 50 krónur

Alla daga!



Opið virka daga frá 07:30 til 18:00
og um helgar frá 08:00 til 17:00

Bernhöftsbakari ehf. | Bergstaðarstræti 13 | Sími: 551-3083

S+ARCK®

EYES



alain
mikli

Ný gleraugu

Einstök hönnun og fallegir litir
Veldu gæði og gott verð

facebook.com/linsan.is

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055



KONUR TIL FORYSTU!

VIÐ HÖFUM ...

- Viðurkennt **táknmál** sem opinbert tungumál á Íslandi.
- Tvöfaldað framlög til **Kvikmyndasjóðs**.
- Staðfest ein **hjúskaparlög**.
- Samþykkt ný **náttúruverndarlög**.

VIÐ MUNUM ...

- Láta **leikskólann** taka við þegar fæðingarorlofi lýkur.
- Efla **Lánasjóð íslenskra námsmanna** og breyta hluta af lánum í styrk.
- Gera **tannlækningar og sálfræðipjónustu** eðlilegan hluta af heilbrigðiskerfinu með niðurgreiðslum frá Sjúkratryggingum.
- Skapa öflugt umhverfi fyrir **sprotta- og nýsköpunarfyrirtæki** og skapandi greinar.



FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU



VIÐ ÞORUM AÐ STANDA MEÐ ÍSLENSKUM HEIMILUM



VIGDÍS 1. SÆTI RVK SÚÐUR



KARL 2. SÆTI RVK SÚÐUR



SVEINBJÖRG 3. SÆTI RVK SÚÐUR



JÓHANNA 4. SÆTI RVK SÚÐUR

Framsókn leggur meðal annars áherslu á að:

- Stökkbreytt verðtryggð húsnæðislán verði leiðrétt.
- Verðtrygging á neytendalánum verði afnumin.
- Sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum verði tryggð.

Framsókn
fyrir HEIMILIN **xB**

Suðurlandsbraut 24, sími: 852 2027
www.framsokn.is netfang: reykvjavik@framsokn.is

Velferð heimilanna í forgangi

Valgerður Bjarnadóttir og Skúli Helgason þingmenn Samfylkingarinnar bjóða sig fram í 2. og 3. sæti í Reykjavík norður og kynna hér helstu áherslur flokksins. „Stóra málið á þessu kjörtímabili var baráttan við fjárlagahallann. Hrunið olli 216 milljarða halla og allt stefndi í þjóðargjaldprot en nú erum við að ná hallanum niður í tæpa 4 milljarða. Það gefur okkur stöðu til að styrkja velferðarþjónustuna á ný.“

- Hvað viljið þið gera í velferðarmáttunum?

„Forganismál verður að efla heilbrigðisþjónustuna og styrkja heilsgæsluna sem fyrsta viðkomustað. Við viljum byggja nýjan Landspítala til að bæta þjónustu við sjúklinga og breyta almannatryggingakerfinu með því að minnka um meira en helming skerðingar vegna annarra tekna, svo sem úr lífeyrissjóðum. Það mun bæta verulega kjör eldri borgara. Svo leggjum við áherslu á gjaldfrjálsar tannlækningar fyrir börn. Við þurfum líka að auka vægi menntamála. Þar viljum við auka fjárveitingar til framhaldsskóla og háskóla og erum með áætlun um eflingu verk- og tæknináms, aðgerðir gegn brottfarfi sem hefjist strax í grunnskóla og nýtt námslánakerfi sem byggir á samtímagreiðslum og blönduðu kerfi styrkja og lána. Takmarkið er að menntakerfið dragi fram það besta í hverjum nemandanum. Svo er það jafnlaunaátakið til að vinna á launamun kynjanna með endurmati á launum stétta þar sem konur eru í miklum meirihluta, t.d. kennara, hjúkrunarfræðinga og fleiri heilbrigðisstétta.“

- Samfylkingin leggur áherslu á að klára aðildarviðræður við ESB. En

er nokkuð von til þess að fá evruna fyrr en eftir 10-15 ár?

„Það er raunhæft að að hægt verði að ljúka aðildarviðræðum við ESB á einu til tveimur árum. Ef þjóðin samþykkir aðildarsamninginn verður okkar fyrsta verk að óska eftir aðild að myntsamráðinu - ERM II. Það eru eins konar þjálfunarbúðir fyrir upptöku evrunnar, þá er krónan tengd við gengi evru og komið böndum á sveiflur hennar með stuðningi evrópska seðlabankans. Þetta er sama fyrirkomulag og Danir hafa haft um árabíl sem hefur tryggt stöðugleika dönsku krónunnar. Þar eru húsnæðisveitir meira en tvöfalt lægri en á Íslandi, verðbólgan sömuleiðis og engin verðtrygging. Ímyndið ykkur muninn fyrir skuldbætt heimili á Íslandi! Með aðild að myntsamráðinu verður komin í var með krónuna sem gerir okkur auðveldara fyrir að taka upp evruna innan fárra ára.“

- Stjórnarskráin var fyrirferðamikil í stjórnmálaumræðunni á síðustu dögum þingsins. Hvað tekur nú við?

„Mörgum okkar voru það vissulega vonbrigði að komast ekki lengra en raun bar vitni með stjórnarskrárfumvarpið. En stefna Samfylkingarinnar er óbreytt. Við viljum að tillögur stjórnlagaráðsins verði lagðar til grundvallar nýrri stjórnarskrá, enda er það vilji þjóðarinnar eins og kom glögglega fram í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október. Stjórnáráðmönnum ber að fara að vilja þjóðarinnar í þessu máli.“

- Hvað vill Samfylkingin gera fyrir skuldug heimili?

„Á kjörtímabilinu hafa 100 milljarðar verið greiddir til fjölskyldna í barna- og vaxtabætur; og lán heim-



Valgerður Bjarnason og Skúli Helgason, frambjóðendur Samfylkingarinnar við eitt helsta kennileiti Vesturbæjar, Vesturbæjarsundlauginna.

ilanna hafa verið færð niður um 200 milljarða. – Þetta eru einhverjar umfangsmestu skuldaleiðréttingar sem gerðar hafa verið á Vesturlöndum í kjölfar kreppunnar en við viljum koma betur til móts við þá sem keyptu húsnæði á síðustu árunum fyrir hrun sem og ungt fólk sem fékk veð að láni og hefur því ekki notið t.d. 110 % leiðarinnar. Við erum með tillögur um hvort tveggja sem við munum hrinda í framkvæmd ef við fáum til þess stuðning.“

- En hvað á að gera fyrir leigjendur?

„Það er lykilatriði að það sé jafnræði í stuðningi hins opinbera við leigjendur og íbúðareigendur og við höfum mótað stefnu um nýjar húsnæðisbætur sem mun tryggja þetta. Bæturnar munu miðast við fjölskyldustærð, þannig myndi fjögurra manna fjölskylda geta fengið allt að 44 þúsund krónur á mánuði í húsnæðisbætur ef hún uppfyllir tekjuviðmið.“

- Hvernig viljið þið efla atvinnulíf?

„Samfylkingin leggur áherslu á fjölbreytni, jafnræði og heilbrigða samkeppni í atvinnulífinu. Við höfum sýnt viljann í verki með því að styrkja verulega rannsóknir og tæknipróun með auknu fé í samkeppnissjóði, efla ferðarþjónustuna, græna hagkerfið og skapandi greinar t.d. með tvöföldun Kvímyndasjóðs, o.s.frv. Við viljum fylgja þessu eftir með sérstökum stuðningi við lítil og meðalstór fyrirtæki, lækka tryggingagjaldið, veita skattaafslætti vegna fjárfestinga í slíkum fyrirtækjum og auka fjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi. Stærsta hagsmunamál atvinnulífsins er þó að komast í umhverfi þar sem efnahagslegur stöðugleiki ríkir, lágir vextir og verðbólga og gjaldreyrshöft heyra sögunni til. Þar fara saman hagsmunir heimila og fyrirtækja og þess vegna leggjum við svo mikla áherslu á að klára aðildarviðræðurnar við ESB. Þar er Samfylkingunni best treystandi til að vera við stýrið.“



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Afmælisboð

Borgarbókasafn fagnar 90 ára afmæli vikuna 22. til 28. apríl

Fögnum afmæli og sumardegnum fyrsta í aðalsafni

kl. 14:00-16:00. Afmælistaffi. Boðið verður upp á afmælistertu og kaffi.

kl. 14:00-15:00. Sirkus Íslands treður upp með ýmsum skemmtiatriðum eins og blaðrara, stultara og andlistmálun.

kl. 15:30-16:00. Skruðganga innan og utan safns við undirleik lúðrasveitar.

Sjá dagskrána í heild á
www.borgarbokasafn.is

1923-2013 **90** ára

BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR



Aðalsafn



Ársafn



Foldasafn



Gerðubergssafn



Kringlusafn



Sólheimasafn



Bókabíllinn Höfðingi

Ert þú er þolinmóði skuldarinn?

Við í Framsókn erum stolt af öflugum starfi sem við höfum unnið síðastliðin misseri við að móta stefnu flokksins sem byggð er á mikilli greiningarvinnu og aðkomu fjölda fólks og sérfræðinga til að leita leiða til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag. Við höfum sett skýrar síðareglur og gert upp fortíðina. Við viljum hafa það meginsjónarmið að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku að setja manngildi ofar auðgildi og aðeins þannig getum við virkjað þann kraft og auð sem í þjóðinni býr. Því hvetjum við þig, kjósendi góður, til að taka upplýsta ákvörðun á kjördag þar sem sömu meginsjónarmið verða höfð að leiðarljósi.

Í umræðu um lausnir í skuldamálu höfum við lagt áherslu að leiðrétta stökkbreytt húsnæðislán. Við viljum nýta það svigrún sem skapast við uppgjör þrotabúa gömlu bankanna til að leiðrétta stökkbreytt verðtryggð húsnæðislán og ástæðan er sú að það er ekkert sem réttlætir að lánþegar sitji einir uppi með afleiðingar stökkbreytingar lána af völdum efnahagshrunsins.

Kjósendur spyrja sig hvernig er þetta hægt? Margar leiðir eru tækar, en sú sem hugnast okkur í Framsókn best er hægt að lýsa í stuttu máli þannig að fjárfestarnir sem keyptu eignir gömlu bankanna á hrakvirði hafa hagnast margfalt og vilja fyrir en seinna sjá afrakstur fjárfestingar sinnar. Þegar þeir keyptu þessar kröfur vissu þeir af gjaldeyrishöftum þeim í gildi eru á Íslandi. Þeir vissu eða máttu vita að þeir þyrftu að semja við íslensk stjórnvöld um það hvernig þeir kæmu eignum sínum úr landi og þannig er íslenska þjóðin í góðri samningsaðstöðu sem okkur ber skylda til að nýta, gangi þeir ekki að samningaborðinu verður hótad að svokallaður „útgönguskattur“, verði lagður á.

Það er sanngirnismál að svokölluð „lyklalög“ verði sett sem geri lánþegum mögulegt að afsala eign sinni til lánveitenda án þess að slíkt leiði til gjaldþrot.

Öllum aldurshópum þjóðfélagsins, og ekki síst ófæddrum kynslóðum, er það mikið hagsmunamál að afnema verðtryggingu af neytendalánum. Hér skulu nefndar nokkrar ástæður sem þó eru ekki tæmandi taldar: 1. Verðtrygging leiðir til hærri vaxta vegna þessa að verðtryggð lán hafa verið útbreidd hérlandis og því hafa stýrivaxtahækkarnir haft minni áhrif á neyslu og því dreg-

ið minna úr þenslu en ella og því má færa rök fyrir því að stýrivextir hafi hækkað meira og verið lengur hærri, en ef verðtrygging hefði ekki verið jafn útbreidd. 2. Verðtrygging leiðir sjálfkrafa til meiri verðbólgu þar sem hún hækkar höfuðstól verðtryggðra útlána. 3. Erfiðlega gengur að greiða upp verðtryggð lán, og helsta von fasteignaeigenda er sú að verðeigna þeirra hækki hraðar en skuldir. Frá hrúni hefur eignaverð nánast staðið í stað á meðan að lán hafa hækkað og þúsundir lánþega hafa því tapað öllum sínum sparnaði sem þeir lögðu í íbúðakaup. 4. Verðtrygging leiðir beint til verðbólgu þar sem viðskiptabankar eiga meira verðtryggt en þeir skulda og því græða þeir þegar verðbólga hækkar. 5. Það er engin leið til þess að verðtryggðar skuldir lækki í kreppu og er allt tal um slíkt hugarórar einir.

Vigdís Hauksdóttir 1. sæti Reykavíkur suður

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir 3. sæti Reykjavíkur suður



Vigdís Hauksdóttir.



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir.

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Vonin um auðveldari mánaðarmót

Haldi ný ríkisstjórn rétt á málum getur almenningur gert sér vonir um að kaupmáttur aukist á komandi árum og lífskjör fólks batni verulega. Það er því miður staðreynd að helmingur heimila í landinu nær ekki endum saman um hver mánaðarmót og því verður að breyta. Það þarf að auka ráðstöfunartekjur heimilanna með því að lækka skatta, gjöld og tolla - þannig að endar nái saman. Lækkun höfuðstóls húsnæðislána og léttari

afborganir eru einnig mjög mikilvægar aðgerðir sem þarf að hrinna í framkvæmd strax. Samhliða því skiptir miklu máli að afnema stimpilgjald og veita tækifæri til að fara frá verðtryggðu láni yfir í óverðtryggt.

Sóknin til bættra lífskjara felur þó fyrst og fremst í sér að virkja kraftinn í atvinnulífuna þar sem einstaklingum og fyrirtækjum er gefið færi á að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem blasa við hér á landi. Í

stað þess að standa frammi fyrir erfiðleikum með nagandi óvissu um hver mánaðarmót, eiga þúsundir Íslendinga að geta notið þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Verkefni komandi mánaða



Hanna Birna Kristjánsdóttir.

og ára er að auka lífsgæði okkar allra – gera það eftirsóknarvert að búa í þessu góða landi.

En til þess að svo verði er nauðsynlegt að halda rétt á málunum. Kjósendur hafa tækifæri til tryggja betri framtíð í kosningunum 27. apríl næstkomandi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur einn flokka lagt fram skýra stefnu um hvernig fjárhagslegt öryggi fjölskyldna verður tryggt og hvernig hjól atvinnulífsins geta farið aftur á fulla ferð. Með þessu verður grunnur velferðarkerfisins styrktur og við getum aftur sameiginlega staðið stolt undir öflugum heilbrigðiskerfi, þróttmiklu menntakerfi og tryggt eldri borgurum og öryrkjum mannsæmandi kjör. Kosningarnar í lok þessa mánaðar eru því kosningar um framtíðina – um lífskjörin. Þetta eru kosningar þar við við getum látið vonirnar rætast.

Hanna Birna Kristjánsdóttir skipar 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurlkjördæmi suður

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS

100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Umferð hunda og katta

Öll umferð hunda bönnuð frá 1. maí til 15. júlí.

Öll umferð fólks bönnuð frá 1. maí til 15. júlí.

Orðsending til hunda- og kattaeigenda

Af gefnu tilefni vill Umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti. Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur. Þetta er vegna varpfugla. Hundabann gildir í Gróttu allt árið.

Lausaganga hunda er bönnuð á Seltjarnarnesi

Umhverfisnefnd Seltjarnarness

B. Markan ehf. Pípulagnir
660 6690 • 544 8611

lagnir@bmarkan.is

Skólp og drenlagnir í yfir 20 ár
Meistaraábyrgð og 50 ára ending
www.bmarkan.is

Það borga allir skatta

Helmingur landsmanna er með húsnæðislán. Margir þeirra, einkum þeir sem keyptu húsnæði í fyrsta sinn á árunum 2005 – 2008, hafa glímt við skuldavanda frá verðbóluskotinu sem reið yfir í hruninu. Hjá mörgum er þessi skuldavandi að breytast í greiðsluvanda. Þeir sem engin húsnæðislán hafa tekið eru margir hverjir einnig að lenda í greiðsluvanda. Ástæðan er minnkandi ráðstöfunartekjur um hver mánaðarmót. Ástæðan fyrir því eru ekki síst skattahækkningar af ýmsum toga. Virðisaukaskattur var hækkaður á kjörtímabilinu, bensingjald einnig ásamt verulegri hækkun tekjuskatts. Sveitarfélög hafa einnig hækkað alls kyns gjöld. Atvinnuleysi má rekja beint til hækkun tryggingargjalds. Lítil og meðalstór fyrirtæki ráða einfaldlega ekki við gjaldið því það ræðst af launum sem eru greidd. Skattkerfisbreytingar hafa verið yfir hundrað á kjörtímabilinu, með tilheyrandi óbeinum kostnaði fyrir almennig. Fráfarandi ríkisstjórn ætlaði sér að skattleggja þjóðina út úr kreppunni. Það var dæmt til að mistakast. Þessari þróun þarf að snúa við.

Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur barist og staðið fyrir skattalækkunum. Að skattlagning sé hófleg og sanngjörn er alger forsenda verð-

mætasköpunar og hagsældar. Og það er ekki bara tekjuskatturinn sem þarf að horfa til. Á allar vörur leggjast alls kyns gjöld. Borðlampi, svo handahófskennt dæmi sé tekið, sem kemur utan EES svæðisins ber 10% toll og 15% vörugjald en evrópskur lampi einungis vörugjaldið, sem er auðvitað ærið. Hinn há virðisaukaskattur 25,5% sem leggst ofan á í öllum tilvikum ýkir verðmuninn svo enn frekar.

Eina raunhæfa og sanngjarna leiðin til þess að auka ráðstöfunartekjur heimilanna og gera þeim kleift að standa við skuldbindingar sínar er að lækka skatta, vinda ofan af skattahækkunum vinstri stjórnarinnar og halda áfram þeirri vinnu sem Sjálfstæðisflokkurinn var byrjaður á með lækkan vörugjalda og tolla.

Sigríður Á. Andersen – býr við Hávallagötuna er í framboði fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavíkarkjördæmi suður



Sigríður Á. Andersen.

Af hverju er nauðsynlegt að lækka skatta?

Sjálfstæðisflokkurinn, einn flokka, hefur lagt megináherslu á skattalækkun í kosningabaráttunni. Ástæðan er sú að þegar efnahagskerfið dregst saman er nauðsynlegt að auka tekjur og örva hagsvöxt. Forsenda þess að svo verði er að lækka skatta. Gjarnan er spurt hvernig Sjálfstæðisflokkurinn ætli að mæta samsvarandi tekjutapi ríkissjóðs. Svárið er einfalt. Þegar skattar og gjöld eru lækkaðir á einstaklinga og fyrirtæki hvetur það aukinna fjárfestinga og verðmætasköpunar. Af því leiðir auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Þetta er engin töfraformúla og hefur bæði verið gert hér á landi áður og í öðrum löndum sem þurfa að rífa sig upp úr krepnu á skömmum tíma.

Einnig heyrir gagnrýni á tillög-

ur sjálfstæðismanna að skattalækkanir nýtist einkum þeim tekjuhærri. Það er rangt. Núverandi ríkisstjórn bætti við um 200 nýjum sköttum og hækkaði aðra. Hækkun virðisaukaskatts og annarra skatta á vöru og þjónustu bitnuðu mest á tekjulágum eðli málsins samkvæmt. Eignaskattur kom verst við aldráða sem áttu eina eign en höfðu litlar tekjur. Sama á við auðlegðarskattinn að hluta. Almenn tekjuskattslækkun kemur hlutfallslega jafn mikil til góða fyrir alla. Hátt tryggingagjald á fyrirtæki kemur í veg fyrir minnkun atvinnuleysis. Háir skattar og flókið skattkerfi leiðir einnig til aukinna skattsvika og mikilla útgjalda fyrir ríkissjóð við framkvæmd og eftirlit. Tekjuaukinn verður því minni en til stóð

en skattbyrðin verður mjög þung fyrir þá sem alltaf greiða sína skatta og gjöld. Allt leiðir þetta til doða og dregur úr kjarki og þor einstaklinga til að skapa verðmæti. Það verður samfélaginu dýrt til lengri tíma lítið.

Brynjar Níelsson skipar 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkarkjördæmi norður



Brynjar Níelsson.



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Golfnámskeið

- Byrjendanámskeið
- Stuttaspilnámskeið
- AimPoint námskeið



Nánari upplýsingar á www.nggolf.is

www.borgarblod.is

Fiskisúpa
Humarsúpa

Iceland's Finest humar- og fiskisúpan eru framleiddar úr besta fánlega hráefni. Einstaklega ljúffengar, bragðgóðar og tilbúnar til upphitunar. Fljótlegt og þægilegt.

FRYSTIVARA FÆST Í NÆSTU VERSLUN

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Suðurhlíð 35, Rvk • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

HJÓLADAGUR

DAGSKRÁ

Kl. 10:00 - Prautabraut
Prautabraut fyrir yngri krakkana.

Kl. 11:00-12:00 - Skiptihjólmarkaður
Tilvalið tækifæri til að hreinsa úr gördum, skúrum og geymslum. Skipta út götuhjóli fyrir fjallahjól, fá stærra hjól fyrir stækkandi börn eða lítil hjól fyrir nýja hjólreiðamenn.

Kl. 11:30-13:30 - Viðgerðatorg
Hjólæigendur, komið með hjólhesta ykkar til skoðunar hjá "Dr. Bæk". Hann skoðar hjólin og vottar heilsu þeirra. Alls konar spurningar leyfðar.

Kl. 11:00 - Skróðhjólatur
Lagt af stað frá Hagaskóla. Hjólað eftir Ægisíðu, upp Dunhaga að Hagaskóla. Hjól af öllum stærðum og gerðum. Hjólað í fylgd lögreglu.

Kl. 12:00 - "Tour de Vesturbær"
Hjólreiðakeppni sem hefst hjá Hagaskóla. Skráning á staðnum.

Hagaskóli

11. maí 2013

Tónlist og fjór, klemmum spil á teinana og tókum undir!

WESTURBÆJAR

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar HAGASKÓLI

Kátir karlar á herrakvöldi KR!

Herrakvöld KR fór fram 19. apríl sl. sem er liður í að rífa upp stemmninguna hjá helstu stuðningsmönnum líðsins sem og hjá leikmönnum. Veislustjórar voru þeir Benni og Fannar úr Hraðfréttum og hraut margt gullkornið af þeirra vörum.

Dregnir voru út ferðavinningar í happdrætti en það voru miðar á leik ÍBV gegn KR í Pepsdeildinni, ferð með KR til Akureyrar á leik gegn Þór í Pepsdeildinni og ársmiði á alla leiki KR í sumar. Stærsti vinningurinn var hins vegar flug, gisting og miði á Evrópuleik KR í forkeppni meistardeildar UEFA 2013. Í lokin var uppboð þar sem treyjur og skór frágreiðu voru boðin upp.



Brynjar Björn Gunnarsson, sem aftur er genginn í raðir KR eftir margra ára veru í atvinnumennsku erlendis ásamt Sigurði Helgasyni sem m.a. þjálfaði Brynjar Björn meðan hann spilaði með yngri flokkum KR.



Leikmenn KR í afslöppun í einum sófanum, ekki veitir af!



Sigurliðið í árgangamótinu sem fór fram á KR-svæðinu fyrr um daginn.

Unglingamótaröð Borðtennissambands Íslands:

Góð þátttaka og mikil keppni

Lokamót unglíngamótaraðar Borðtennissambands Íslands var haldið í KR-heimilinu við Frostaskjól 6. apríl sl. Til mótsins var boðið 8 stigahæstu leikmönnum í 3 aldursflokkum drengja og stúlkna. Flestir stigahæstu leikmennirnir tóku þátt í mótinu. Sigurvegararnir fengu vegleg verðlaun og allir þátttakendur á mótinu fengu viðurkenningu. Þau sem sigruðu voru Ólöf Sólveig Ólafsdóttir, BH, í flokki stelpna 12 ára og yngri, Kári Ármannsson, KR, í flokki stráka 12 ára og yngri, Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK, í flokki stelpna 13-15 ára, Breki Þórðarson, KR, í flokki stráka 13-15 ára, Hrefna Namfa Finnsdóttir, HK, í flokki stúlkna 16-18 ára og Pétur Gunnarsson, KR, í flokki drengja 16-18 ára.

Bikarkeppni BTÍ var leikin í KR-heimilinu 6. apríl, en síðast var leikið í keppninni árið 1995. Lið samanstendur af a.m.k. tveimur körlum og einni konu, sem öll eru í sama félagi. 8 lið tóku þátt í keppninni, 6 frá KR, eitt frá Dímon og eitt frá Víkingi. Liðin eru dregin saman úr einum potti og í fyrstu umferð drógust tvö stigahæstu liðin saman. Víkingur (Daði Freyr Guðmundsson, Eva Josteinsdóttir og Magnús K. Magnússon) lagði KR-KAD liðið (Aldís Rún Lárusdóttir, Davíð Jónsson og Kári Mímisson) 4-3 og réðust úrslitin ekki fyrr en í oddalotu í síðasta leiknum. Í úrslitum vann Víkingur öruggan 7-0 sigur á liðinu KR-Merðir (Einar Geirsson, Guðrún G. Björnsdóttir, Gunnar Snorri Ragnarsson og Kjartan Briem). KR-Einar (Breki Þórðarson, Eva Morgan Maurin og Tómas Ingi Shelton) og KR-Urbancic,



Sigursælar borðtenniskonur, f.v.: Ársól Arnardóttir, KR; Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK og Auður Erla Gunnlaugsdóttir, Dímon.

skipað mæðginum Ástu Urbancic, Jóhannesi Bjarka Tómassyni og Péttri Marteini Tómassyni höfnuðu í 3.-4. sæti.

Orri Björnsson og Ella María Georgsdóttir sigruðu í bikarglímu KR

Bikarglíma KR 2013 fór fram í íþróttahúsi Melaskólans 10. apríl sl. Keppt var í karlaflokkum og stúlknaflokkum. Í karlaflokkum sigraði Orri Björnsson, hlaut 4 vinninga, Ottó Óttarsson hlaut 2 vinninga og Ásgeir Víglundsson 1 vinning.



Keppendur í stelpnaflokkum.

Í stelpnaflokkum sigraði Ella María Georgsdóttir, hlaut 3,5 vinninga, Rebekka Berta Hanson fékk 2,5 vinninga og það gerði Sóley Kristín Jónsdóttir einnig, Karín Úlfsdóttir hlaut hlaut 1,5 vinninga og Hrafnhildur Sif Ingólfssdóttir hlaut 1 vinning. Helgi Bjarnason afhenti verðlaun mótsins sem hann gaf sjálfur.



Kátar glímukappar.

KR-SÍÐAN



Fyrstu systurnar í áratug að skora fyrir KR

Systurnar Hugufrún Lilja og Sigrún Inga Ólafsdætur skoruðu í 5-1 sigri KR á HK/Víkingi í Lengjubikarnum. Áratugur er síðan systur skoruðu fyrir mfl. KR í sama leiknum. Hugufrún skoraði annað mark KR á 37. mínútu eftir sendingu frá Sonju Björk Jóhannsdóttur og Sigrún skoraði með skoti úr aukaspurnu í uppbotartíma.

Það hefur aðeins einu sinni áður gerst að systur skori í sama leiknum fyrir KR. Ásthildur og Þóra Helgadóttir skoruðu fyrir KR í 9-1 sigri á Þór/KA/KS 1. júní 2003. Ásthildur skoraði fyrsta og fjórða mark KR í leiknum en Þóra, sem er markvörður, skoraði níunda mark KR úr vítaspurnu. Systurnar Arna og Anna Steinsen, Dagmar og Hulda



Hugufrún Lilja og Sigrún Inga.

Mýrdal og Berglind og Rut Bjarnadóttir skoruðu allar fyrir meistaraflokk KR, en ekki í sama leiknum.

Shannon McCallum leikmaður seinni umferðar Dominosdeildarinnar

- KR-ingar leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn gegn Keflavík

Shannon McCallum KR var valin besti leikmaðurinn í seinni umferð Dominosdeildar kvenna í körfuknattleik og Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari kvennaliðs KR besti þjálfarinn, en Finnur Freyr er jafnframt aðstoðarþjálfari karlaliðs KR í körfuknattleik. Gengi KR-liðsins hefur stórbát að eftir að Shannon gekk til liðs við það á miðjum vetri. Hún hafði leikið 12 leiki með félaginu 2. apríl sl. Þegar útnefningin fór fram af hálfu KKÍ, skoraði að meðaltali 34 stig í leik og tekið 12 fráköst og átt fjórar stoðsendingar.

KR-konur komust í úrslitakeppnina um Íslandsmeistaratitilinn, slógu út lið Snæfells í Stykkishólmi og mættu Keflavíkurlakyrjunum í úrslitum sem þurftu oddaleik gegn Val til að komast í úrslitahrinuna gegn KR. Fyrsti leikur liðanna var leikinn um sl. helgi og sigraði Keflavík 70-52. Shannon McCallum var stigahæst KR-inga með 26 stig, tók 10 fráköst



Shannon McCallum leikmaður seinni umferðarinnar og Finnur Freyr Stefánsson þjálfari kvennaliðs KR og besti þjálfarinn í seinni umferðinni.

og stal boltanum frá andstæðingi 8 sinnum. Björg Guðrún Einarsdóttir kom næst með 11 stig og 4 fráköst. Næsti leikur liðanna er í Frostaskjól síðasta vetrardag, 24. apríl, og síðan í Keflavík 26. apríl. Ef með þarf, þrjú sigra þarf til að hreppa Íslandsmeistaratitilinn, verður leikur í Frostaskjól 29. apríl og í Keflavík 1. maí nk.

SKAUTA HÖLLIN
REYKJAVÍK

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMÉR

KR ER 107

VIÐ ÞÖKKUM
ÖLLUM NÖGLUM Á ÍSLANDI
VEL UNNIN STÖRF Í VETUR.
SJÁUMST AFTUR 1. NÓVEMBER.



ÞÚ FÆRÐ MIKIÐ ÚRVAL AF DEKKJUM OG FLJÓTA OG ÖRUGGA ÞJÓNUSTU HJÁ N1



N1 ÆGISÍÐU 102
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL. 8-18
OG LAUGARDAGA KL. 9-13
SÍMI 440 1320

WWW.DEKK.IS

N1

Meira í leiðinni